



RÖKLEIKNIÆFING - ALMENN RÖKLEIKNI -

Þessi æfing samanstendur af skýringartexta og verkefnum sem þú átt að leysa. Svaraðu öllum verkefnum á línustrikuð blöð og vandaðu allan frágang. Hafðu öll svör skýr og ítarleg.

Treystu á hæfileika þína til að hugsa. Verkefni af þessu tagi á ekki að kenna þér neitt nýtt, heldur á það að virkja þá rökhugsun sem þú býrð alltaf yfir, en notfærir þér kannski ekki alltaf.

Skiladagur er: _____

Gangi þér vel!!

Skýringartexti: Að færa rök fyrir máli sínu

Við getum haft hvaða skoðun sem okkur sýnist, án þess að færa fyrir því rök. En þeir sem neita alfarið að færa rök fyrir skoðunum sínum eiga það á hættu að vera taldir þröngsýnir og jafnvel hrokafullir. Það er oft mikilvægt að geta fært rök fyrir máli sínu þegar við viljum sannfæra aðra um að taka skoðun okkar til alvarlegrar athugunar, eða sannfæra sjálf okkur um réttmæti þessarar tilteknu skoðunar. Ef annað fólk getur ekki skilið af hverju við höfum tiltekna skoðanir, þá er líklegt að þeim finnist þær ekki hafa mikið gildi. Og ef við skiljum ekki sjálf af hverju við höldum fram ákveðinni skoðun, þá er líklegt að við séum óörugg um okkar eigin trú á þessa skoðun, hversu fastlega sem við höldum henni fram.

Það er auðvitað ekki nóg að gefa bara einhverja einhverja ástæðu fyrir skoðunum okkar, það verða að liggja góð rök að baki þeim. En hvað er það sem gerir rök að góðum rökum? Hér að neðan eru nokkur einkenni sem hafa má til hliðsjónar:

- Góð rök eru byggð á staðreyndum
- Góð rök eru viðeigandi í því samhengi sem rætt er um
- Góð rök veita skilning
- Góð rök vísa til einhvers sem hlustandinn þekkir fyrir

Athugið að það hvort ákveðin rök eru góð eða slæm er matsatriði, og fer eftir samhenginu hverju sinni.

Verkefni A

Skoðaðu skoðanirnar hér að neðan. Fyrir hverja skoðun átt þú að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða staðhæfing (a, b eða c) setur fram bestu rökin fyrir skoðuninni? Af hverju eru þessi rök best?
- Hvaða staðhæfing setur fram **verstu** rökin fyrir skoðuninni? Af hverju eru þessi rök verst?

Skoðun 1: Það er kominn tími til að gefa kisu að borða.

Staðhæfingar (af því að...):

- Ég er svöng, og kisu líður eins og mér líður.
- Ég er alltaf von að gefa kisu að borða á þessum tíma.
- Ég var að horfa á sjónvarpsauglýsingu um kattamat og það minnti mig á kattamatinn sem ég nota.

Skoðun 2: Þetta var mjög góð bíómynd.

Staðhæfingar (af því að...):

- Mér líkaði titill myndarinnar.
- Strákur sem mér líkar illa sagði að þetta væri léleg mynd.
- Ég hafði gaman af að horfa á hana.

Skoðun 3: Stjörnurnar eru í raun kerti sem litlir álfar á himnum halda á lofti.

Staðhæfingar (af því að...):

- Ég las það í ævintýrabók.
- Ég fékk þessa hugmynd í landfræðitíma í gær.
- Ég hitti álf í gær og hann sagði mér allt um málið.

Skoðun 4: Ég ætti að gefa Gunnari nammi úr pöknum mínum.

Staðhæfingar (af því að...):

- Ég gaf honum nammi í gær.
- Hann gaf mér nammi í gær.
- Hann lemur mig ef ég gef honum ekki nammi.

Verkefni B

Eru eftirfarandi setningar dæmi um góða eða slæma rökhugsun? Mundu að rökstyðja svörin þín vel:

1. María á ekki marga vini, svo ég hugsa að hún eigi marga óvini.
2. Þegar forsætisráðherra Bretlands fór til friðarviðræðna í mið-austurlöndum þá hafði hann meðferðis eintak af bókinni „Harry Potter og viskusteinninn.“ Það hlýtur að vera mjög mikilvæg bók!
3. Í húsinu hans Óla eru tvö svefnherbergi, svo það hlýtur að vera minna en húsið hans Benna sem hefur þrjú svefnherbergi.
4. Þrír er oddatala og fjórir er jöfn tala. Þar sem þrír plús fjórir verða sjö, þá hlýtur sjö að vera bæði jöfn tala og oddatala.
5. Enginn krakki í skólanum hennar Pálu skilur grísku. Allir krakkarnir í bekknum hans Vignis eru í sama skóla og Pála. Þar af leiðir að enginn í bekknum hans Vignis skilur grísku.

Verkefni C

Að neðan eru nokkur dæmi um rökfærslur. Lestu dæmin og segðu hvort þau sýna:

- góða rökhugsun
- ekki mjög góða rökhugsun, en hugsanlega í lagi
- slæma rökhugsun

Útskýrðu svar þitt fyrir hvert dæmi:

1. „Pabbi hefur reykt í mörg ár. Um daginn las hann í blaðinu að reykingar valda krabbameini, og nú segist hann ætla að hætta að lesa blöðin.“
2. „Á fimmtudaginn fékk ég í magann eftir að hafa borðað heilan líter af ís og drukkið vatnsglas. Á föstudaginn fékk ég í magann eftir að hafa borðað heilan líter af ís og drukkið vatnsglas. Til þess að forðast magakveisu í kvöld ætla ég því að sleppa vatnsglasinu.“
3. „Einu sinni hitti ég mann frá Finnlandi sem spilaði mjög vel á trommur. Mikið er ég viss um að allir Finnar séu frábærir trommuleikarar.“
4. „Við athugum ekki hvort hver einusta ljósapera sem rennur af færibandinu sé í góðu lagi. En við prófum fimmtu hverja peru til að fá gott sýni af framleiðslunni.“
5. „Við spurðum ekki alla krakkana í skólanum hvort þjónustan í mötuneytinu væri í lagi. En við spurðum tvo nemendur frammi á gangi og þeir eru örugglega dæmigerðir fyrir allan hópinn.“
6. Í hvert sinn sem ég hitti Ellu þá spyr ég hana hvernig henni lítist á Jóa og hún verður alltaf mjög vandræðaleg. Það er alveg augljóst að hún er mjög hrifin af honum.“



Mat á rökgleikniæfingu - ALMENN RÖKLEIKNI -

Nafn: _____ Bekkur: _____

Verkefni A.

| | |
|----------------------|----|
| Greining á skoðun 1. | /6 |
| Greining á skoðun 2. | /6 |
| Greining á skoðun 3. | /6 |
| Greining á skoðun 4. | /6 |

Verkefni B.

| | |
|------------------------|----|
| Greining á setningu 1. | /6 |
| Greining á setningu 2. | /6 |
| Greining á setningu 3. | /6 |
| Greining á setningu 4. | /6 |
| Greining á setningu 5. | /6 |

Verkefni C.

| | |
|--------------------|----|
| Greining á dæmi 1. | /6 |
| Greining á dæmi 2. | /6 |
| Greining á dæmi 3. | /6 |
| Greining á dæmi 4. | /6 |
| Greining á dæmi 5. | /6 |
| Greining á dæmi 6. | /6 |

| | |
|--------------------------------|-----|
| Frágangur | /10 |
| Einkunn fyrir verkefnið | |

